

Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember



ÞINGSKJAL nr. 12

Tillaga að breytingum á reglugerðum um heiðursmerki SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Var:

Heiðursmerki SKÍ eru 3 talsins.

1. Silfurmerki SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ úr silfri og má veita þeim sem hafa starfað að málefnum skíðaíþróttarinnar hjá SKÍ, sérráðum og skíðadeildum aðildarfélaga í 15 ár. Þó getur stjórn SKÍ sæmt menn silfurmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að 15 ára starfi sé náð. Einnig er hægt að sæma menn silfurmerki eftir langan feril sem landsliðsmaður og/eða landsliðspjálfi.

2. Gullmerki SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ úr gulli og má veita þeim sem hafa starfað að málefnum skíðaíþróttarinnar hjá SKÍ, sérráðum og skíðadeildum aðildarfélaga í 20 ár. Þó getur stjórn SKÍ sæmt menn gullmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að 20 ára starfi sé náð.

3. Heiðursstjarna SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ á stjörnu í litum sambandsins með borða í íslensku fánalitunum. Heiðursstjarna SKÍ er æðsta viðurkenning SKÍ og veitist aðeins undir sérstökum kringumstæðum þeim mönnum sem unnið hafa skíðaíþróttinni ómetanlegt gagn um árábil. Heiðursstjörnu skal einnig fylgja sérstakt heiðursskjal.

Laga og reglugerðanefnd tekur við tillögum frá aðildarfélögum SKÍ og gerir tillögur til stjórnar SKÍ um veitingu heiðursmerkja.

Laga og reglugerðarnefnd skal halda skrá um handhafa heiðursmerkja.

Verður:

Heiðursmerki SKÍ eru 3 talsins.

1. Silfurmerki SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ úr silfri og má veita þeim sem hafa starfað að málefnum skíða- og snjóþettaíþróttarinnar hjá SKÍ og aðildarfélögum þess í áratug eða lengur. Þó getur stjórn SKÍ sæmt menn silfurmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að áratugar starfi sé náð. Einnig er hægt að sæma menn silfurmerki eftir langan feril sem landsliðsmaður og/eða landsliðspjálfi.

2. Gullmerki SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ úr gulli og má veita þeim sem hafa starfað að málefnum skíða- og snjóþettaíþróttarinnar hjá SKÍ- og aðildarfélögum þess til langs tíma og gegnt þýðingarmiklum störfum.

Vísað til: ☐ Alpagreinanevndar ☐ Skíðagöngunefndar ☐ Snjóþettanevnd ☐ Allsherjarnevnd

Afgreiðsla:

☐ Samþykkt ☐ Fellt



Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember

3. Heiðursstjarna SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ á stjörnu í litum sambandsins með borða í íslensku fánalitunum. Heiðursstjarna SKÍ er æðsta viðurkenning SKÍ og veitist aðeins undir sérstökum kringumstæðum þeim ~~mönnum~~ **aðilum** sem unnið hafa skíða- og **snjóþettaíþróttinni** ómetanlegt gagn um árabíl. Heiðursstjörnu skal einnig fylgja sérstakt heiðursskjal.

Stjórn SKÍ tekur við tillögum að heiðursviðurkenningum frá aðildarfélögum SKÍ.

SKÍ skal halda skrá um handhafa heiðursmerkja á heimasíðu SKÍ.

Rökstuðningur:

Breytingar á tímalengd silfur- og gullmerkja SKÍ. Stytta aldurinn fyrir silfurmerki og taka út aldur fyrir gullmerki, það skuli vera metið hverju sinni. Að sama skapi eru orðalagsbreytingar auk þess að vera breytingar á að stjórn taki við tillögum og að skrá verði birt á heimasíðunni.

Sjálfboðaliðar og aðrir starfsmenn í hreyfingunni eru ómetanlegir fyrir okkar starf og við þurfum að vera duglegri við að hrósa öllum þeim sem leggja fram sína vinnu.

Vísað til: ☐ Alpagreinaneðndar ☐ Skíðagöngunefndar ☐ Snjóþettaíþróttanefnd ☐ Allsherjarnefnd

Afgreiðsla:

☐ Samþykkt ☐ Felld